

Morgunblaðið  
Þriðjudaginn 24. maí, 2005 - Myndlist

## Íslensk og sænsk náttúra



HADDA Fjóla Reykdal myndlistarmaður mun halda sýningu á afrakstri vetrarins á heimili sínu í Gautaborg helgina 28.-29. maí. Hadda hefur aðallega málað með olíu í vetur og verða 26 olíumálverk til sýnis og sölu um helgina.

Innblásturinn er sóttur til náttúrunnar á Íslandi og í Svíþjóð, að sögn Höddu. Hið hráa og kraftmikla úr íslenskri náttúru kallast á við mjúk form og milda liti úr hinni sænsku og blóm og tré koma við sögu, aðallega í litavali. Smáatriði úr náttúrunni eins og trjábörkur eða laufblöð eru stækkuð upp á striganum og málverkin endurspeglar t.d. birtuna sem kemur í gegnum laufþykknið í sænskum skógum.

"Það er skemmtilegt að geta sýnt bæði Svíum og Íslendingum það sem ég hef verið að gera. En til þess þarf ég reyndar að fjarlægja öll húsgögn og gera íbúðina að sýningarsal. Ég vonast eftir góðu veðri og þá getur verið að ég hengi eina mynd utan á húsið líka," segir myndlistarmaðurinn.

Hadda Fjóla lauk BA-prófi frá graffíkdeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands árið 1998 og hefur unnið við myndlist og myndlistarkennslu síðan. Hún hélt einkasýningu í Listhúsi Ófeigs árið 2002.